

Haustfundur Beta deildar haldinn 11. september 2014 á Húsabakka í Svarfaðardal

Mættar voru 12 félagskonur og 2 gestir (Elín Magnúsdóttir og Peg (frá USA))

Lagt var af stað frá Icelandair hóteli með Sérleyfisbílum Akureyrar ásamt Ólafi Theódórssyni sem var bílstjóri ferðarinnar. Leið okkar lá vestur í Svarfaðardal og var Margrét Kristín með leiðsögn í ferðinni. Hún byrjaði þegar við vorum komin á Hámundarstaðaháls og sagði okkur frá staðháttum, bæjum á leiðinni og tengdi þá fólki og merkjum atburðum, t.d. nefndi hún Hugrúnu skáldkonu þegar við fórum framhjá Brautarhóli þaðan sem hún er. Margrét sagði okkur að hún hefði mikið verið í sveit hjá afa sínum og ömmu og þar með kynnst réttardögunum í dalnum og ýmsu fleiru.

Klappað var vel fyrir frábærri leiðsögn Margrétar er við renndum í hlað á kirkjustaðnum Tjörn sem var fyrsti viðkomustaður okkar. Þar tóku hjónin Kristján Hjartarson og Kristjana Arngrímsdóttir á móti okkur en þau eru búendur þar. Þá var gengið til kirkju þar sem Kristján sagði okkur sögu kirkjunnar og staðarins. Eftir það sungu þau hjón fyrir okkur nokkur lög og lék Kristján undir á gítar.

Það er skemmst frá því að segja að þau heilluðu okkur mjög með þessum frábæra söng sínum og höfðu ferðamenn frá Kanada bæst í hópinn þegar upp var staðið. Þeim var vel fagnað og fengu rósir að launum. Spurt var eftir hljómdiskum með þeim hjónum og hljóp þá Kristján inn í hús og sótti kassa með diskum og gátu Beta konur fjárfest í nokkrum.

Þá var haldið á Húsabakka og byrjað á því að skoða fuglasafnið. Það er skemmtilega upp sett og var mjög gaman að skoða það.

Þá færðum við okkur yfir í sal og hófst formlegur fundur hjá Beta deild meðan verið var að útbúa matinn fyrir okkur.

1. Setning fundar

Björk nýr formaður setti fundinn og kveikti á kertum. Hún bauð okkur allar velkomnar á þennan fyrsta fund vetrarins. Hún bauð gestinn Peg sérstaklega velkominn, síðan tók Eygló við og kynnti þessa ágætu konu og gaf henni síðan orðið. Hún heitir fullu nafni Margaret Ellen (Peg) Dunn-Snow – hún býr í Flórída og er í DKG samtökunum Mu State og er þar bæði vefstjóri og sér um bréfaskipti. Hún er kennari að mennt og listþjálfari (art therapist).

Björk flutti síðan kveðjur frá fjarstöddum konum. Þá krýndi Jónína, fráfaramaður, Björk með merki formanns.

2. Orð til umhugsunar

Margrét Kristín var með orð til umhugsunar og sagði hún frá skáldkonunni Hugrúnu, en hennar rétta nafn var Filippía Sigurlaug Kristjánsdóttir. Hún fæddist á bænum Skriðu í Svarfaðardal árið 1905 og flutti fjölskyldan á bæinn Brautarhól, skammt frá í sama dal, þegar hún var hálfs árs. Hún byrjaði ung að semja vísur, kvæði, leikrit og sögur. Og þar sem myrkrið réði ríkjum á dimum

vetrarkvöldum þar sem ekkert var rafmagnið það hún stundum systur sínar að muna það sem hún orti þar til hún gæti skrifað það niður. Hún var tvígift og eignaðist þrjú börn. Gefnar voru út um 30 bækur eftir Filippíu – eða Hugrúnu eins og hún nefndi sig. Hún var í Rithöfundasambandi Íslands og fékk í mörg ár styrk úr starfslaunasjóði listamanna auk þess að fá úthlutað úr Rithöfundasjóði Íslands. Hugrún lést árið 1996.

Eftir að Margrét hafði flutt sína tölu var ljóðið Svarfaðardalur sungið, fyrsta erindið og tvö síðustu og leiddi María Gunnarsdóttir sönginn.

3. Fundargerð síðasta fundar

María Gunnars. fráfarandi ritari las fundargerð síðasta fundar og voru smá breytingar gerðar.

4. Erindi frá stjórn

Björk kynnti nýja stjórn. Hana skipa Björk formaður, Aníta varaformaður, Ragnheiður Sig. ritari, María Gunnars. meðstjórnandi og einnig situr fundi Jónína fráfarandi formaður. Gjaldkeri verður áfram Margrét Kristín.

Þá kynnti Björk dagskrá vetrarins og urðu smá breytingar á dagsetningum og kaffinefndum. – Þema vetrarins, Móðir jörð, að tillögu stjórnar var samþykkt og ákveðið var að vinna út frá því næstu tvö árin.

Þá var árgjaldið rætt og reifaði Margrét Kristín þau mál, Jónína ræddi um að hækka gjaldið úr 5.000 í 6.000 kr. á hverja félagskonu en Landssambandið fær 8.000 kr. þar að auki. Ákveðið var að fresta umræðum og ræða þetta á næsta stjórnarfundi.

5. Önnur mál

Björk færði Selmu gjafakörfu Unicef í tilefni fimmtugsafmælis hennar sem var 17. okt. 2012.

Pyngjan góða var látin ganga og síðan var happdrættið og fékk Sigríður Magnúsdóttir vinninginn í fjórða sinn!! – Rósa sem fékk síðasta vinning var fjarverandi en mun væntanlega koma með sína gjöf til Sigríðar á næsta fundi.

Matur var borinn á borð og var hann ákaflega góður en við höfðum fylgst með matartilbúningnum úr salnum. Fengu konurnar sem stjönuðu við okkur rós er við kvöddum og þökkudum fyrir okkur.

Fundi slitið kl. 20:35.

Fundargerð ritaði,

Ragnheiður Sigurðardóttir

